

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1643*  
*komudagur 22.4.2014*

Dags. 22. apríl 2014

Ágæta þingnefnd

Eru allir jafnir fyrir lögum? Ég sem eigandi búseturéttar hjá Búseta greiði af verðtryggðu íbúðaláni. Búseturétturinn er aðfararhæfur eins og aðrar eignir.

Ég er ekki að borga leigu heldur keypti ég réttinn og sel þegar mér hugnast svo. Er eitthvert réttlæti í því að þeir sem kjósa búseturéttarform njóti ekki leiðréttingar verðtryggðra fasteignaveðlana?

Er það ekki brot á jafnræðisreglu að verðtryggða húsnæðislánið sem ég greiði af verði ekki leiðrétt á sama hátt og önnur verðtryggð húsnæðislán?

Í janúar 2014 sendi Búseti Velferðarráðuneytinu rökstuðning fyrir því að leiðrétting á forsendubresti vegna verðtryggðra íbúðalána hljóti að eiga við um búseturéttarhafa. Ég vil hvetja þig til að gætt sé jafnræðis.

Kær kveðja

Kristján Valdimarsson

Breiðavík 9

112 Reykjavík